

***BORGARRÁÐ 15. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að fólk megi taka mat í eigin umbúðum úr mótuneytum - R18110146***

Lagt er til að borgin hlutist til um að fólk fái að koma með sín eigin matarílát í mótuneyti eldri borgara. Þar með verði vikið frá því að eldri borgurum sem vilja taka með sér mat úr mótuneytum á vegum borgarinnar, sé gert skylt að kaupa einnota umbúðir, bakka undir mat sem þeir taka með sér heim. Þessir bakkar eru óumhverfisvænir einnota bakkar eða dósir, eftir því hvort bitamatur er tekinn eða súpur, grautar.